



Íslenska 5. bekkur 2025-2026

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla. Lestur er öflugt og nauðsynlegt verkfæri fyrir nemendur til að sækja sér þekkingu og getur einnig stutt við getu nemenda til að tjá sig munnlega og skriflega, enda er tjáning mikilvæg til að geta tekið þátt í samfélaginu. Hlutverk íslenskukennara er að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við fjölbreyttar aðstæður. Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka og eru þeir: talað mál, hlustun og áhorf; lestur og bókmenntir; ritun og málfræði. Markmið kennslunnar er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Kennsluaðferðir

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám og ýmsa lestrarkennslu. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í minni hópa. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn

Málrækt 1, Fyrsti Smellur, Orðspor 1; lesbók og vinnubók, orðabækur, ljóðabækur, fjölþætt verkefnahefti, ýmis verkefni í tölvum, Kennarinn sem hvarf, Smátímasögur og fleira.

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir.

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt. Tilgangurinn er að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Stærðfræði 5. bekkur 2025-2026

Stærðfræði er ein af mikilvægum leiðum mannsins til að skapa merkingu og skilja náttúru og samfélag eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hæfniviðmiðum í stærðfræði er skipt í sjö flokka og eru þeir; Að geta spurt og svarað með stærðfræði; Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar; Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar; Tölur og reikningur; Algebra; Rúmfræði og mælingar og Tölfræði og líkindi. Markmið kennslunnar eru að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Kennsluaðferðir

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, útikennslu og samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem hver nemandi vinnur á sínum hraða. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn

Stíka 1a og 1b; nemendabók og æfingahefti, ýmis verkefni í tölvu.

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Þema 5. bekkur 2025-2026

Þemu í 5. bekk eru: Hafið, Landnám Íslands, Ísland hér búum við, áhugasviðspema/vínátta.

Íslendingar þurfa, sem hluti af samfélagi þjóða, að vera meðvitaðir um að tækni, mannlegar ákvarðanir og gjörðir hafa áhrif á sameign allra jarðarbúa, nú og til framtíðar eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Allir eiga að geta tekið virkan þátt í samfélagi, þar sem umræður og ákvarðanir hversdagsins grundvallast á upplýstum og gagnrýnum viðhorfum. Í náttúrugreinum þarf þekkingu, leikni og hæfni til að svo geti orðið. Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

Undir samfélagsgreinar heyra nú meðal annars námsgreinar sem kenndar hafa verið í íslenskum skólum undir samheiti samfélagsgreina, samfélagsfræði, sem afmarkaðir námsþættir eða námssvið eins og kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla. Þar er einkum um að ræða sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Þær byggja einnig á þekkingu og stefjum úr öðrum fræðigreinum félags-, mann- og hugvísinda.

Markmið kennslunnar í þema er að taka á öllum þessum flokkum með fjölbreyttum kennsluaðferðum og námsefni.

Kennsluaðferðir

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í þrjá hópa. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn

Komdu og skoðaðu Hafið, Hreint haf, Komdu og skoðaðu landnámið, Víkingaöld og Ísland, hér búum við og fleira.

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir, jafningjamat og sjálfsmat. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Upplýsinga- og tæknimennt 5. bekkur 2025-2026

Megintilgangur náms og kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að nemendur öðlist alhliða hæfni í að greina, afla, nota og vinna með upplýsingar og gögn af virðingu og á gagnrýnninn hátt í samræmi við siðferðileg viðmið við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, leik og starfi. Mikilvægt er að nemendur fái að rækta með sér áhuga og þekkingu á tækjabúnaði og tækninni sem er allt í kring um okkur og þróa með sér tæknivitund.

Kennsluaðferðir

Margvíslegar kennsluaðferðir svo sem bein innlögn kennara og sýnikennsla, kennari leggur áherslu á þekkingu og efnistösk til að hjálpa nemendum að leita lausna og vinna með ýmsum aðferðum bæði í einstaklings og samvinnu. Með þverfaglegri samvinnu við ýmsar námsgreinar og námssvið, notkun fjölbreyttra námsgagna og tækni er komið til móts við þarfir nemenda með hliðsjón af áhugasviði þeirra og getu.

Námsefni

Nemendur kynnast upplýsingatækni- og miðlun og þeim vinnuaðferðum og hugtökum sem henni tengjast. Þeir nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag bæði í Google Chrombook og iPad spjaldtölvum. Áhersla er lögð á að kynna fyrir nemendum aðferðir við öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga í tengslum við annað nám. Nemendur læra á Google verkfærin, Google skjöl, skyggjur og Google drive. Google Classroom er notað til að halda utan um verkefni nemenda. Ýmis forrit eru notuð til að ýta undir sköpunargleði nemenda, eins og vinna með grænskjá, kvikmyndavinnslu og upptöku.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám og byggist námsmatið á virkni nemandans og þeirri afurð sem unnið er með. Hæfniviðmið í upplýsinga- og tæknimennt eru sett fram í fjórum flokkum upplýsinga- og miðlalæsi, stafræn borgaravitund, sköpun og miðlun og lausnaleit.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Enska 5. bekkur 2025-2026

Megintilgangur náms og kennslu í erlendum tungumálum er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota tungumálið sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaproska einstaklingsins, eykur vísýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum.

Kennsluaðferðir

Kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og stöðvavinnu, beina kennslu, innlagnir, samvinnunám. Kennt er í stórum og litlum hópum þar sem kennari nýtir sér hringekjuaðferð þar sem öllum nemendahópnum er skipt í hópa. Hver kennslustund hefst á innlögn þar sem nemendum er gert grein fyrir til hvers er ætlast af þeim í lotunni og hvaða námsefni liggur fyrir.

Námsefni og gögn

Yes we can 5 lesbók og vinnubók, Málfræði A, ýmsir textar, ítarefni og fleira.

Námsmat

Kennari metur virkni og vinnusemi í kennslustundum og leggur fyrir kannanir. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Lífsleikni 5. bekkur 2025-2026

Námsgreinin lífsleikni á að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann efli félagsþroska sinn og borgaravitund, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Í lífsleikni er ekki verið að kenna nemendum þau fræði sem námsgreinin byggist á heldur eru þau nýtt til að fjalla á uppbyggilegan og markvissan hátt um hugmyndir, lífssýn og reynslu nemenda.

Kennsluaðferðir

Lífsleiknin er samofin öllu skólastarfi og öllum skólabrag. Ein ákveðin kennslustund í lífsleikni er í viku hverri þar sem ákveðnir þættir námskrár eru teknir fyrir þar sem kennari hefur umræðu og eflir nemendur til að taka þátt. Bekkjarfundir eru reglulegir, sáttmálavinna er gerð í upphafi hvers skólaárs og í er sérstakt Vinapema unnið í 5. bekk sem tekur 3-4 vikur.

Kennsluaðferðir eru ýmist umræður, bekkjarfundir, samvinnuverkefni, leikir og hópeflisverkefni.

Námsefni og gögn

Ég og sjálfmyndin, fjölbreytt námsgögn, hefti, kvikmyndir, leikir og fleira.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg, hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvæð og gagnleg, þ.e. að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Íþróttir 5.bekkur 2025-2026

Helstu áherslur íþróttakennslu á yngri stigum eru samvinna, hreyfing, félagsfærni og virkni. Unnið er með grunnþætti hreyfingar og samvinnu í gegnum fjölbreytta leiki og kynningu á íþróttagreinum.

Kennsluaðferðir

Við notumst við mismunandi leiki og formkennslu svo sem stöðvar, leiki með og án áhalda, hringþjálfun og fleira.

Uppbygging kennslu er þannig : Upphitun, aðalþáttur 1 og aðalþáttur 2 og niðurlag.

Kennt er í íþróttahúsi Ingunnarskóla og í nærumhverfi skólans.

Námsefni og gögn

Boltar, kistur, kaðlar, spaðar, húllahringir, sippubönd, dýnur og margt fleira.

Námsmat

Matið er leiðbeinandi og byggir á virkni, félagsfærni og framförum nemandans í hreyfileikni.

Kennarar Haraldur Þorvarðarson og Matthías Jochum Matthíasson



Sund 5. bekkur 2025-2026

Við lok 5. bekkjar getur nemandi:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta: gert æfingar sem reyna á loftháð þol, synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m.

Félagslegir þættir: rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.

Heilsa og efling þekkingar: gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífennis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun, útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja, notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.

Öryggis- og skipulagsreglur: gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Kennsluaðferðir

Nemandi þjálfar sig í að fara eftir reglum á sundstöðum. Í lok sjötta bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti: 200 m bringusund, viðstöðulaust, 50 m skólabaksund, 25 m skriðsund, 25 m baksund, 25 m bringusund, synt undir 35 sek, 15 m björgunarsund, 8 m kafsund.

Leiðsagnar- og lokamat:

Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: **S** fyrir settu marki náð, **F** fyrir framvinda góð, **Þ** fyrir þarfnast frekari þjálfunar.

Lokamat: Framúrskarandi, Hæfni náð, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð

Kennari Gábor Réz



Heimilisfræði 5. bekkur 2025-2026

Helstu áherslur í námi og kennslu eru að nemendur:

- Læri um fæðuflokkana og helstu næringarefni.
- Geri sér grein fyrir áhrifum hollrar/óhollar fæðu á heilsuna.
- Læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslu.
- Æfi sig að vaska upp og ganga frá samkvæmt hreinlætiskröfum.
- Fái þjálfun í að fara eftir uppskriftum og fyrirmælum og mæla rétt samkvæmt því.
- Fái verklega þjálfun í heimilisfræði.
- Æfi sig að vinna vel með öðrum.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum.

Ferlið í tímum er yfirleitt nokkuð svipað. Það eru verklegar æfingar í öllum tímum og við sleppum því alveg að vinna í bókum. Á móti kemur að gerð er krafa um að nemendur hlusti vel á fræðslu og útskýringar kennara í byrjun hverrar kennslustundar.

Áhersla er lögð á hreinlæti, að þrifa hendur vel og vandlega og setja á sig svuntu.

Gerð er krafa um að allir taki þátt og að nemendur skipti verkum jafnt þannig að allir fái að spreyta sig. Alltaf er ákveðinn sveigjanleiki í verkefnum – stundum koma ekki rétt hráefni þegar pantað er og stundum koma sérstakar óskir frá nemendahópnum sem hægt er að bregðast við.

Námsgögn

- Fæðuhringurinn.
- Uppskriftir úr ýmsum áttum bæði frá kennara og af netinu.
- Uppskriftir og verkefni úr kennslubókunum Hollt og gott og Gott og gagnlegt.
- Áhöld, hráefni og matvæli úr kennslueldhúsinu.

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lokanámsmat er í lok námslotu sem á þessu skólaári er 12 vikur þar sem nemendur mæta 2x í viku í 80 mínútur í senn. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum – bæði í umræðum og verklegri vinnu.

Flestar uppskriftir sem notaðar eru í heimilisfræðinni eru á heimasíðu heimilisfræðinnar

www.audhumla.weebly.com

Kennari Þuríður Aðalsteinsdóttir



Textíll 5. bekkur 2025-2026

Textíilverkefni eru skipulögð með það í huga að nemendur læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

Kennsluaðferðir

Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum tvisvar sinnum í viku í 12 vikna lotum eða í um 24 skipti. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Helstu markmið eru að nemandi:

- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin verks
- þjálfí fínhyfingar ásamt samhæfingu huga og handa
- sníði og klippi eftir pappírssníði
- saumi þræðispor og tunguspor
- þjálfist í að sauma í saumavél
- snúi band eða hnýti
- saumi aftursting eða varplegg eftir eigin teikningu
- þekki list víkingatímabilsins og geri tilraunir með munsturgerð
- þrykki á efni með taumálningu
- læri grunnaðferðir í prjóni og hekli
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- venji sig á að ganga frá áhöldum, eignum og verkefnum

Námsefni og gögn

Efni og áhöld frá kennara.

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Kennari Sigríður Rafnsdóttir



Sjónlistir 5. bekkur 2025-2026

5. bekkur markar upphaf miðstigs. Kröfur um tæknilega færni og sjálfstæða hugsun aukast. Nemendur byrja að takast á við raunsæi og hlutföll í auknum mæli ásamt því að þróa eigin stíl.

Áherslur

- **Sköpun og tækni:** Dýpri kynning á myndlistartækni s.s. skyggingum, ljósi og skugga til að skapa dýpt.
- **Greining:** Nemendur læra að rýna í eigin verk og annarra og nota fagorð (s.s. lína, form, litur) til að lýsa þeim.
- **Listasaga:** Kynnast helstu stefnum og straumum í listasögunni og vinna verk undir áhrifum þeirra.

Kennsluaðferðir og námsefni

Innlagnir verða ítarlegri. Nemendur nota skissubækur til að undirbúa verk. Unnið með fjölbreytt efni; akrýl, vatnsliti, blek, leir og endurnýtingarefni.

Námsmat

Leiðsagnarmat þar sem horft er til framfara, sjálfstæðis í vinnubrögðum og hæfni til að útskýra eigið verk.

Kennari Ólafía Guðbjörg Gústafsdóttir



Sköpunarsmiðjur 5. bekkur 2025-2026

Í sköpunarsmiðjum er unnið markvisst að því að efla sköpunargáfu, tæknilæsi og lausnamiðaða hugsun nemenda í samræmi við grunnþætti menntunar og áherslur í STEAM (Science, Technology, Engineering, Art, Math). Byggt er á hæfniviðmiðum aðalnámskrár í upplýsinga- og tæknimennt, hönnun og smíði ásamt lykilhæfni.

Markmið smiðjunnar er að nemendur öðlist færni í að nýta tækni og skapandi hugsun til að leysa viðfangsefni, vinna saman og miðla hugmyndum sínum.

Kennsluaðferðir

Kennslustundir byggjast upp á stuttri innlögn kennara eða sýnikennslu, en megináhersla er lögð á virka þátttöku nemenda í verklegum æfingum.

- **Verkefnamiðað nám:** Nemendur fá áskoranir sem þeir þurfa að leysa.
- **Stöðvavinna:** Unnið er í smærri hópum til að tryggja að allir fái aðgengi að tækjum og efni.
- **Leikjavæðing:** Nám gert að leik til að auka áhuga og virkni.

Námsefni og gögn

Áherslur sköpunarsmiðjanna beinast að þremur kjarnapáttum sem fléttast saman í verkefnavinnu:

- **Sköpun, hönnun og nýsköpun:** Nemendur þjálfast í að nota fjölbreytt efni (t.d. Lego, endurnýtanlegt efni) og tækni til að hanna lausnir. Lögð er áhersla á ferlið frá hugmynd að lokaverki (hönnunarferlið).
- **Tækni og lausnaleit:** Nemendur kynnast forritun, verkfræðilegum pælingum (e. engineering) og rökhugsun í gegnum leik og tilraunir.
- **Samvinna og miðlun:** Nemendur læra að vinna saman í hópum, ræða hugmyndir sínar, gera tilraunir, mistakast og reyna aftur.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem kennari fylgist með vinnuframlagi, virkni og samvinnu nemenda í tímum.

Kennarar á miðstigi



T.T.S. Tal- tjáning- söngur 5. bekkur 2025-2026

Íslenska í tali, tónum og takti

Tal

Notast er við skemmtilega og óvenjulega orðaleiki sem styrkja íslenska málfræði t.d. sagnorða-slöngur, nafnorða-stafróf, lýsingarorðaleikrit, rímleiki og rapp. Miðað er við námsskrá og gjarnan er unnið í góðu samstarfi við umsjónarkennara varðandi áherslur. **Markmið** Að leika okkur með tungumálið og um leið læra helling.

Námsefni

T.T.S. leikir og æfingar, T.T.S. spil, Meiriháttar málfræðikvæði.

Tjáning

Orðakassi er afmarkað rými á gólfi kennslustofunnar. Sá eða sú sem þar stendur er með orðið. Í orðakassa er þjálfuð færni í tjáningu, að færa rök fyrir máli sínu, segja frá sjálfum sér og sínum skoðunum. **Markmið** Auka orðaforða og efla íslenskt talmál. Styrkja nemendur í að koma fram fyrir hópinn og tjá sig. Þjálfva virka hlustun.

Námsefni

T.T.S. leikir og æfingar, T.T.S. spil

Söngur

Fátt er betra hópefli en samsöngur. Að syngja fjölbreytta og góða texta eykur orðaforða og eflir málþroska.

Námsefni

T.T.S. sönglög og æfingar sem innihalda fjölbreytt úrval nýrra sönglaga og þýðinga á vinsælum erlendum dægurlagatextum.

Kennari Jóhanna Halldórsdóttir